SFINXINN
OG HAMINGJAN

ÁÐUR ÚTKOMIÐ:

VEFA. UÓÐ 1949.
ÓÐÐO INÐIANÐS 1953.
SFINXINN OG HAMINGIAN 1953.
SÉÐ SÓÁÐU Í STJÓRNUNAR 1954.
SFINXINN OG HAMINGIAN, ÖNNUR ÚTGÁFA 1954.

Jens E. Nielsson.
með bestu kveðju
frá.

GUNNAR DAL

SFINXINN OG HAMINGJAN

KVÆÐI

(2. ÚTGÁFA)

REYKJAVÍK
1954 .

PARTISIPA Jda pelaksana

RÖÐ_KVÆÐANNA

I_OKTÓBERLJÓÐ

I.	Morgunn	Bls.	9
II.	Dagur	—	10
III.	Kvöld	—	14
IV.	Nótt	—	15
V.	Jörð	—	17
VI.	Sær	—	19
VII.	Himinn	—	24
VIII.	Líf	—	27
IX.	Tvö blóm	—	28
X.	Fljóðs raddir	—	31

XI. Höllin hvíta . . . . . Bls. 34
XII. Hinn óþekkti guð . . . . — 37
XIII. Stjarna spekinnar . . . . — 40
XIV. Hrynur lauf . . . . . — 43
XV. Sfinxinn og hamingjan . . — 45

II.
Gull að láni . . . . . — 53
Eiðaxvonin . . . . . — 55
Kvoðja . . . . . — 57
Gömul synd . . . . . — 59
Erfiljóð . . . . . — 61
Hönd er stirð . . . . . — 63
Álfar . . . . . — 65
Perlan falda . . . . . — 67
Náttúrjörð . . . . . — 70
Gler . . . . . — 72
Templo di Saturno . . . . . — 75
Ég gekk um græna skóga . . . — 77
Líkfylgdin . . . . . — 79
Myndrim . . . . . — 82
Siglt að landi . . . . . — 84
Hvert siglirðu, Karon? . . . . — 86
Sesar litli . . . . . — 87
Betlari í Paris . . . . . — 89
Í musterinu . . . . . — 91
Austur og vestur . . . . . — 93
Tröllið og dvergurinn . . . . . — 95

I.

OKTÓBERLJÓÐ

I. MORGUNN

Austurhimni á
Eygló hár sitt greiddi,
og rósalíni rauðu brá
hún rokkju sinni hvítri frá
og nýjan dag í nakta arma sciddi.
Hann söng þér ástaróð.
Og sólregn féll á svarta jörð,
þar sáinn akur stóð.

II. DAGUR

Nú Dagur ris í heiðri himindýrð
og hár þitt, Nótt, með geislafingrum strýkur.
Þar demantbjörtum augum upp hann lýkur
og þú roðnar, dökka Nótt, — og flýrð.

Í gervi skálds býr Söngvagyðjan sig
og svönum hvítum niðrá jörðu ekur,
hún með sér ljóss og loftsins þegna tekur
og ljóði sinu, Dagur, krýnir þig.

Og Jörðin vaknar, opnar augu sín,
um andlit hennar leikur daggarsindur,
um glóbjart hárið blómasveig hún bindur,
um brjóst og arma fellir himinlin.

Og Straumagyðjan verður rauð sem vín.
— Þú varir þyrstar niðrað henni teygir.
Í mjúkan faðm hún seiðir þig og segir:
— Kom, sævardjúpin bíða líka mín!

Þú fagnar, Dagur. — Ástir ykkar sór
þín álfaþjóð og geislafótum stígur
um blóm og kvist og fram á veginn flýgur
og fléttar dýrlingsbaug um höfuð þér.

Svo björt um mannheim morgundýrð þín skín,
í maídögg þinni barm sinn rósir lauga,
og vöggubarnið rifar annað auga
og undrast hálft í hvoru forlög sín.

En gyðja fljótsins hefur heillað þig,
þú henni með í aftanskini stígur
á næturströnd, — í opna arma hnígur.
— Svo áður lét hún fleiri kveðja sig!

Sjá hér þitt rekkjulín er rauður sær.
Úr reköldum, or flutu tóm að sandi,
hún býr þér skip. — Svo leggur þú frá landi
til legstaðar, sem engin minning nær.

III. KVÖLD

Aftanhimni á
andi nœturinnar
þoysir mánafjöllum frá.
Feykjast haustský apalgrá.
Blundar litli anginn ömmu sinnar.
Kvöldið komið er.
Með vestanblœnum bylgja þung
um bleikan akur fer.

IV. NÓTT

Um eilífð stíga líf og dauði dans
og dansa saman inn í hugans lönd
og vekja bárur þær í brjósti manns,
sem byltast upp að næturinnar strönd.

Þá byrjar skáldið enn sitt kvæðakver:
— Það koma spámenn jörð og himni frá,
í húsi skáldsins veig þeir velja sér
og vaka með því fulli sínu hjá.

Það opnar list og söngvum sína höll,
það sjafnardísum skálar háborð við,
unz vizkugyðjan gengur himinfjöll
og guðinn sjálfur opnar lokuð hlið.

Í himnaríki öll þau ganga inn,
og engill draumsins biður skáldið þar
að skapa að nýju heim og himin sinn
um hljáða nátt — — — og spá í stjörnurnar!

V. JÖRÐ

Ógnaheimur, ægiveldi dauða,
eldahafrót, bylting, stjarnan rauða,
heimskringla, sem brann í eldi öll.
— Svo hófstu, jörð mín, för á vetrarvegi,
vígð í eldi móti nýjum degi.
Rauðu leiftri sló á logafjöll.

Skírð til stríðs og verka stórra varstu,
veröld dýrs og manns á örmum barstu,
— og blóðug fæddist bylting þeirra hver.
Hærra gervi hverju lífi bjóstu,
úr hverjum neista reginelda slóstu,
því birting guðsins bíður eftir þér.

Í smiðju þinni glóir gullið rauða,
þar gervi ný þú slærð úr eldi og dauða,
og skapar nýjan kynstofn — nýja menn.
Í rústum týnast rauðir minnisvarðar,
rísa af grunni bandariki jarðar.
— En mannkyn þitt, ó jörð, er ófætt enn.

VI. SÆR

Milt og rótt
sefur sær
í silfurljósi nætur,
brotna log
kóralhvít
í kristalöldum lætur.

Sævarhjartað hraðar slær.
Hlusta, jörð, þér brjósti nær
á æðaslátt
og andadrátt.
Þig kyssir vatnavör.

Ég er útsær af draumum, sem upp til þin stígur,
útsær af vængjuðum draumi, sem flýgur
yfir þig, jörð mín, á óttunnar himni
og yrkir þér ljóð sín i regni og vindum.
Sæbrjóstið lifnar þá, lyftist og hnigur,
en lágróma jörðin í eyra mér hvíslar:
— Hvert ætlar þú náttský á óttunnar himni,
sem eilífar stjörnurnar hverfa mér lætur?
— Og úrsvalur vindurinn yfir mér grætur
útsæ af tárum. — Í regni og straumum
aftur ég hrapa í útsæ af draumum.

Um kóralhaf
og sólarsæ
söngvagyðjan stigur.
Gullfingruð
geislahönd
um gigju hennar flýgur.
Sævarhjartað hraðar slær.
Hlusta jörð, þér brjósti nær
á æðaslátt
og andadrátt.
Þig kyssir vatnavör.

Um heimsríkið sokkna mitt helmyrkur streymir
í hjarta míns djúpi, sem lykilinn geymir
að grafreitum aldanna, gimsteinum djúpsins,
gimsteinum djúpsins, sem ekkert fær numið
annað en dauðinn. — Og alda min gleymir
öllu, sem hrynur og skolast í djúpið:

Marmarahöllunum, sögum og söngvum,
siðunum, trúnni og spekinni fornu,
drauminum týnda og dögunum horfnu.
— En djúpið er minnugt á sólir, sem slokkna,
himin, sem myrkvast, og heimsrikið sokkna.

Sjöstjarnan
sœinn á
silfurregni grætur
og demantglit
á dauðamyrk
djúpin falla lætur.
Sœvarhjarta, sofðu rótt.
Í sjöstjörnunnar ljósu nótt
í dauðaþögn
dularmögn
djúpsins lyfta þér.

Ég er útsær af myrkri á sökkvandi söndum,
særoki hrapandi á rjúkandi ströndum.
Ást mín þar brotnar í brimhvítu löðri
við brjóst þín og ólgandi sogast í djúpið,
og myrkur þess fyllist af minningum sárum.
Ó, máni og stjörnur, hví elska ég landið,
auglit þitt, jörð, sem um eilífð mér verður
ókunnur heimur og fjarlægur draumur?
Ó, jörð, ég er villtur og stórhöggur straumur,
straumur af svipum og hafdjúpsins öndum,
sem landnámsins bíða á sökkvandi söndum.

VII. HIMINN

Tzc út i nóttinni og auðninni undi —.
Þar óx út úr dauðanum lífseikin bjarta,
og rœturnar grófust í sandana svarta,
en silfurregn mánans af blöðunum hrundi.
Og þögnin i laufkrónu liftrésins gisti
og ljóð sín þar hvíslaði á stjarnanna tungu.

Djúpbláar klukkur í kvistum þess sungu.
Í krónu þess náttaðist eilífur friður.
Sem goðkynjað líf ofar gröfum og dauða
af greinum þess losnaði aldinið rauða
og fóll gegnum októbernóttina niður.

Tze reit þar kvæði með kinverskum stöfum,
sem kóralbjart musteri Himninum reisti.
— Þar örlagaflækjur hans eilífðin leysti
á eyðimörk spekinnar fullri af gröfum
vísdóms og fræða, sem urðu þar úti.
Á eyðimörk spekinnar fullri af beinum
undir líftrósins eilífu greinum,
— í auðninni fullri af spámannagröfum,
gróf hann upp líftrésins rauðhvítu rætur.
Í rökkvaðan sand hinnar austrænu nætur,
Tze reit sitt kvæði með kinverskum stöfum.

Októbervindar í sandinum sungu
síðan það kvæði — og brot þess má heyra
í hambrigðum mörgum, hvert hlustandi eyra,
því hljómfall þess geymdist á vindanna tungu.
Hvort orð þess sem logi af loga var sleginn
og leiftrin í kliðmjúkri hrynjandi brunnu
og saman við lífið og söngva þess runnu,
er silfurduft stjarnanna um nóttina hrundi:
— í lífrænu jarðneska leiftraði andinn
í ljóðinu um himininn skrifað í sandinn,
er Tzc út í nóttinni og auðninni undi.

VIII. LÍF

Líf?

Vegurinn rauði.

Vegurinn hvíti.

Dauði?

. . . . . .

Dauði? . .

Vegurinn hvíti.

Vegurinn rauði.

Líf?

IX. TVÖ BLÓM

Það er —
hið rauða blóm.
Mitt í draumarósum dökkum
á dauðafljótsins holu bökkum
líkt og logi rís.

— — — —

Hann var —
hinn grái steinn.
Eldsins rauða ægivaldi
aleinn huldi skuggafeldi.
— Hvaðan komstu, blóm?

Hún var —
hin myrka mold.
Upphaflegast er „hið dauða".
— Hví óx á jörðu blómið rauða?
— Hvaðan komstu, líf?

Hvað kom —
sem eigi var?
Fæðing? „Dauði"? Framrás? Hröpun?
Fullkomnunin? Eyðing? Sköpun?
— Upphaf eigi var.

Allt var —
þar eilífð frá.
Sjórnhverfing um örófalda
augað lítur þúsundfalda.
— Líf og andi er.

— — — —

Það er —
hið hvíta blóm.
Mitt í reit af liljum ljósum
hjá lífelfunnar silfur-ósum
— hið hvíta bjarta blóm.

X. FLJÓTIÐ RAUÐA

Hring sinn allan aldur fer
um andlit heimsins fljótið rauða,
fullt af lífi — fullt af dauða,
feikn og eitri drekkt í þér
úr ásýnd heimsins er:
Þú, jörð, í fljótið falla lætur

feigðarstraum um þungar nætur
og skarlatsdökkar skuggaár.
Skolast opin sár,
or harma sína heimur grætur.
Hrynja blóðug tár.

Hring sinn allan aldur fer
um andlit heimsins fljótið rauða,
fullt af lífi — fullt af dauða.
Fegurð lífsins skráð af þér
á andlit heimsins er:
Þér andi himins yfir flýgur,
í öldur þínar dýrð hans hnígur
og braiðist brjóst þín á.
Bros þitt lifnar þá
í augum þér og aftur stígur
ósýnd heimsins fró.

Þar sem rýkur rauður þeyr
á rökkurmótum lífs og dauða,
fellur áfram fljótið rauða
um farveg sinn úr dökkum leir.
Og, jörð, þinn rökkurreyr
dökkri vör í djúpið sekkur.
drekkur líf og þorstann slekkur.
Og, jörð, í blakkan bakka sinn
sig brýtur fljótið inn,
með rauðum vörum dökkan drekkur
— dauða þinn.

XI. HÖLLIN HVÍTA

Í miðju kóngsrikinu kóralhöll
á kletti reist í þyrniskógi stóð
(Hugmyndir vér nefnum þessa þjóð)
og þyrnigreinum dökkum huldist öll.
Innan hennar kynjabirtu brá
um blóan sal, er þakinn speglum var.

Og líkt sem eilífð ætti heima þar
engir veggir sáust neins staðar.
Og yfir salnum kristalhvelfing lá.
— En koldimm nóttin gisti þennan skóg.
Og þarna inn í salnum sálin bjó.

Þessi myrki skógur Maður hét.
Margt og háreist vits og kennda tré
gnæfði þar og huldi hennar vé
og höllina í skuggann falla lét.
Margt rökkurblóm um skógarbotninn skreið,
og skuggagróður bleikur fallinn lá
í flækjum hennar hallarþrepum á.
Þar höggormstungur léku til og fró.
Við dyrnar þyrping svartra svipa beið.
En sólin stóð við hallardyrnar vörð
og horfði döpru auga á dimma jörð.

Í þúsund speglum leit hún sjálfa sig
og sagði við mig: „Skógurinn ert þú"
Svo hratt hún niður sinni hallarbrú
og henti kyndli sinum inn i mig.
Um kristalþök og kóralveggi rann
kynngiregn sem drypi af viðum blóð.
En undir þaki sínu sálin stóð
og só til himins, meðan ægiglóð
i felldum villiviði mínum brann
og villulaufin gömlu féllu dauð.
— — — —
— Úr ösku þeirra greri rósin rauð.

XII. HINN ÓÞEKKTI GUÐ

Að baki linu og lita
sem litningur stóð
i efnisheimi hulin
hugmyndaþjóð.

— — — — —

Sjá, straumar af hugmyndum,
stormar af sálum
um stjarnhveli fer.

— Í storknandi málmgrýti
steyptar myndir
steinsálir skapa sér:
Hugmyndir sendar
úr heimi andans,
huga þér,
gerandi alls, sem er.

Koma frumheimar.
Bíða blómheimar.
Koma blómheimar.
Bíða dýrheimar.
Koma dýrheimar.
Bíða mannheimar.
Koma mannheimar.
— Enn bíður þú.

Hver hugmynd, sem vakir
í vitund þinni
og veru skapar sér,
óðal sitt á í þér
gerandi alls, sem er.

XIII. STJARNA SPEKINNAR

Öll speki manna er stjarna ein, sem snýst
í stórum hring um þig og möndul sinn,
heimsól björt, og líf og logi þinn
lýsir henni og gegnum ský vor brýzt.

— Um aldaraðir öðrum megin býr
eyðinótt þar hálfur máni fer,
en sólfar bjart á hinum helming er,
þar heiðríkjuna nótt og þoka flýr.
Svo hálf í rökkri hálf í ljósi er
heimskringlan, er markar stjörnu þá,
er snýst í hring um djúpin dularblá.
— En dægur hvert er aldalangt hjá þér.

Á stjörnu speki vorrar allt sem er,
er endurkoma þess sem fyrrum var:
Sama skin og sama skýjafar
um sömu stjörnu heimsins aldur fer.
Og sama ljósfloy sömu ströndum nær.
Sól, er hvarf um aldir, skin í dag
og strengir hennar leika sama lag
og leikið var á hörpu vora í gær.

En eflaust, systir heimska, heldur þú,
að hugsun vor sé stærst á þinni öld,
að endir hennar sé þitt œvikvöld,
að aldrei verði að dýpri miðum sótt.
— Hve kynslóð þín er sæl í sinni trú,
að sólin skíni bjartast — okkar nótt.

XIV. HRYNUR LAUF

Að fótum jarðar fellur nótt og grætur.
— Fegurð þín af leiði sínu stígur,
svipur hennar fornar leiðir flýgur,
flögrar inn í rökkurheima nætur.
Hrynur lauf í haustskóg minninganna,
horfið sumar rauðum blöðum þekur,
og yndi mitt, sem ekkert framar vekur,

undir sinum mjúka feldi grefur.
Stiga tregans ungu álfafætur
á allt, sem hér í þessum skógi sefur.
Að fótum jarðar fellur nótt og grætur.

Hrynur lauf í haustskóg minninganna.
Hálfur máni skín á blöðin auðu,
blöðin visnu, blöðin föllnu, rauðu,
sem blóði eru skráð úr hjörtum manna.
— Hvar er hlátur sumarsins og söngur,
sólfdagar, or hvíldu á brjóstum þínum,
næturnar, er skýldu í skugga sínum
skarlatrauðri vör og augum ljósum?
— Laufin falla, dökknar draumaborgin.
Dísir minor safna bleikum rósum,
Minningin og systir hennar — Sorgin.

XV. SFINXINN OG HAMINGJAN

Steinlíkan Sfinxins á eyðimörk dulri og dökkri
af draum sínum vaknaði um októbernóttina miðja
við mansöng í lofti —
og mjúkfingruð hamingjugyðja
margráan steinfjötur leysti í óttunnar rökkri.
„Sefnþunga villidýr, maður og goð", sagði gyðjan,

„gakktu af stallinum leystur úr ólögum þínum.
Þór manngervi flyt ég úr forlagabirgðunum mínum.
Fylgdu mér héðan. — Til bláskóga gleðinnar sný ég.
Þar gróðursett töfrablóm
mannlegrar hamingju hef ég.
Í höllinni þrílyftu, djúpt inn í skóginum bý ég.
Þér höllina þrílyftu, aðsetur gleðinnar, gef ég".

Gullfiðruð hamingjan sveif yfir söndunum auðu
með Sfinxinn í faðmi
í rökkri hinnar jarðnesku nætur.
Þangað, sem ástin í bláskógum gleðinnar grætur
glithvítum perlum, sem falla af blöðunum rauðu
á sólblómi lífsins, er fegurðin gullbros sitt gefur.
— Gyðjan og Sfinxinn þar stigu að höllinni niður. —
Þar hljómaði um súlnagöng
mjúkur og kristaltær kliður.

Kynlegar manbjöllur hljómkviðu gleðinnar sungu.
Í laufkrónum trjánna á silfurgrein sólaldin héngu.
— Sfinxinn og hamingjan
luku upp dyrunum þungu.
Í höllina bláu i stjörnuskóg gleðinnar gengu.

Þar töfralag blóðsins
á *hvatanna* strengi var slegið.
— Við Slátrarans háborð
að dýrðlegri veizlu var setið
og lífið í gómsætum krásum og munaði metið.
Af Mammoni leitt var til sætis og skotsilfur vegið.
Þar Fegurð og Ást voru þernur, sem skenktu á skálar.
— En skuggar um rósir og silfurker gleðinnar liðu,
skriðu um ásjónu Grafarans, brostu og biðu.
— Nýr bikar var drukkinn.
Í salnum var leikið og hlegið.

Og dísin, sem *hæðinni neðstu* í höllinni réði,
hóf þar upp dansinn í villtri og nakinni gleði,
og töfralag blóðsins
ó *hvatanna* strengi var slegið.

Burtu úr dansinum gengu þau Sfinxinn og gyðjan
gleðinnar stiga og hrundu upp dyrunum læstu
með fórnina að lykli
og héldu ó *hæðina* næstu.
Hamingjan leiddi þar Sfinxinn í töfrasal miðjan,
þangað, sem öllu ó altari *hjartans* var fórnað,
og óstin og fegurðin lífinu dýrð sína gáfu.
Þar draumarnir gullnu á brjóstunum svanhvitu svófu,
og silfraðar perlur um gullhörpu daganna hrundu.
Þar glataðar ástir, sem komu í brotum og brestum,
blómin sin týndu ó altari gleðinnar fundu.
— En sárfáir rötuðu hingað af gleðinnar gestum.

Hrynur um kristalþök alstirndrar októbernætur
óttuskin mánans á hallarþök gleðinnar niður.
Þó bjartar á *hæðinni efstu* skín ódáinsfriður.
Þar eilífðin ríkir og hönd hennar verða þar lætur
þúsundir sólna og heima að hljómdjúpri fiðlu,
sem hamingjan strýkur
með *vizkunnar* einfalda boga.
Og tónarnir fljúga um veraldir, leiftra og loga,
líða um tímann og skuggastig daganna rekja
niður að andliti heimsins í óttunnar rökkri
og aftur af löngum og kynlegum draum sínum vekja
steinlíkan Sfinxins á eyðimörk dulri og dökkri.

II.

GULL AÐ LÁNI

Í regni mínu rúbínglit þitt skín,
— þitt rauða bros og slær mig eldi sínum.
Í þínu skini glóir skikkja mín,
og skáld ég verð í kvöld á himni þínum.

Því andi skálds er aðeins reikult ský,
sem eina kvöldstund fyrir vindum líður.
Það feld úr sólarkossum klæðist í
— og hverfur út í nóttina, sem bíður.

Og þú ert sólin, sem á regn mitt skín,
og seiðir ljóð mitt fram í óði þínum,
unz eldur þinn í auga mínu dvín,
og eilífð þín í hverfulleika mínum.

FRIÐARVONIN

Á augu stríðsins andar náttin svefni. —

— Eins og rauðir vindar hlaðnir draumum
næturskip þín sigla á sjafnarstraumum:
á silfurvötnum mánans. Fyrir stefni

er framtíð heimsins, dagsins draumahöfn.

Ó, dóttir nýrrar aldar, kom þú fljótt,
því meðan dauðinn brýzt til borgar minnar;
að bústað mínum atómsprengja flýgur,
þú hvítvængjaði engill einfeldninnar
um álfahallir drauma þinna stígur
í svefnsins borg um bláa stjörnunótt.

KVEÐJA

Miðnótt sveipast mánans silfurgljá
og mjúkum skrefum upp á jörðu ris
úr djúpum sínum, draumsins paradís,
og dökku hári strýkur vanga frá.

Nú blundar haf og sofa sumarský
í sjafnardraumi þessa hlýju nótt.
Öldubrjóstin bœrast mjúkt og rótt,
björt og nakin faðmi himins í.

— Í hinzta sinn þinn heyri ég andardrótt.
Í hinzta sinn hér finnast skuggar tveir.
Hér skiljum við og mœtumst aldrei meir.
— Móninn rauði senn af himni fer.

Fjallasvanur flýr í norðurátt.
Ég fer að morgni heim á eftir þér.

. . . . . .

. . . . .

. . . . .

GÖMUL SYND

Logar flöktu eins og fölleit blóm
um fljótsins andlit silfurkalt og rótt,
þar laufblað margt og rekald rennur hljótt
á rökkurstraumum út í djúpsins tóm.

En blóðheit, ófeng, suðræn nautnanótt
í naktri fegurð hvildi jörðu á
með stjörnuduft á liljuljósri brá,
og lífið okkur tveim í faðmi bar.

— — — —

Við skildum meðan móðan streymdi hjá
og myndir okkar beggja flöktu þar
sem spurning hljóð í auga eilífðar.

ERFILJÓÐ

Skín af skörðum mána,
skuggi á leiði grætur.
Rísa rökkurmyndir
í rústum bleikrar nætur.
Sofur rósin rauð.
Sofur rós mín rauð.

Í skýjum skapanornir
skarlatþræði spinna.
Í sprungu á legstein lágum
á leiði drauma minna
sefur rósin rauð.
Sefur rós mín rauð.

Drýpur dögg af viði,
drýpur tár af hvarmi.
Tvær systur, Nótt og Sorgin,
sitja á Dauðans armi.
Sofur rósin rauð.
Sefur rós mín rauð.

HÖND ER STIRÐ

Hönd or stirð, og hjartað slær ei meir.
Harpan þögnuð, brostinn strengur hver.
Í týndan grafreit lík mitt lögðu þeir.
Ljóð mitt skildi ég eftir handa þér.

Úr fortíðinni, minni gleymdu gröf,
af gulum blöðum flýgur kveðja mín
á vængjum tímans yfir aldahöf,
og einhvern tíma kemur hún til þín —.

Og blessar þig, sem yrkir ennþá ljóð
um örlög heims og manna, fljóð og vín,
þó breytt sé mál og gleymd sé grafin þjóð
— og glóðir hennar verði aska þín.

ÁLFAR

Þeir ganga um haustskóg
í heiðrökkri blárri
á hvítri mjöll,
handan við daginn
og dulheima nætur
að Dísahöll,
burtu úr mannheim
og myrkviði dalsins
á Mánafjöll.

En fylgdu þeim varlega.
— Úr álfheimum onginn
aftur fer.
Ef gistirðu Mánafjöll
dýrkarðu drauminn,
sem drottnar hér.
Og yrkir um líf,
sem var öðrum gefið
— en okki þér.

PERLAN FALDA

Hann kafaði djúp og dimman sjá
frá dökkum og auðum ströndum.
Og sædjúpi hélt hann svölu frá
með sannleikans perlu í höndum.

Hann talaði um perlunnar gullnu glóð,
reit goðsögn und heiðum stjörnum,
las ævintýri og líkingaljóð,
litlum og tornæmum börnum.

En þess vegna sagði hann sögurnar,
og sumar í háttum dýrum,
að perluna góðu hann geymdi þar
í goðsögn og ævintýrum.

Þau óskabyr sigla um aldanna mar
í örlagabyljunum köldu,
unz koma þau loksins til kynslóðar,
sem kennsl ber á perluna földu.

— — — —

Á ströndinni bláu bíða menn.
— Bylgjurnar falla að sandi. —
Á sagnfleyi perlan siglir enn.
— Senn kemur skip að landi. —

NÆTURJÖRÐ

Í svarta mold ég setti öll mín fræ
og sáinn akur skildi við að kveldi.
Kvöldland mitt var sveipað sólareldi,
— og svo rann nótt á lygnan draumasæ.

Á næturvængjum svörtum sveif ég fró
sáðjörð minni og fór um þúsund geima
og vitundir. — Nei, mig var ekki að dreyma.
Vegur minn um hringbraut tímans lá:

Skilvit mörg mér skópu kynjaheima,
þar skuggaborgir næturinnar sveima,
unz hverfa þær í djúpin dularblá.
— — — —

Og morgunn lífsins enn að austan fer,
akur bleikan hvítum örmum vefur
og vekur þann, er draumasvefni sefur:
„Sáðland gott hér bíður eftir þér.
Vakna þú, sem ort þinn akur hefur,
óvöxt ríkan næturjörðin gefur,
og uppskerunni áttu að safna hér".

GLER

Milli ljóss og lita
liggur þrístrent gler.
— Guðir lifa í ljósi —
í litum vér.

— — — —

Að rökkurströndum rauðum
mig rak um dökkan mar.
Berjast þeir um brauðið,
sem byggja þar.

Um vísdóms gular grundir
gulls ég leitað hef:
Ef að þú vilt oignast
— aleiguna gef!

Með söngva og söguþjóðum
ég sat við grænan fjörð
og dreyindi alla drauma,
sem dreymast hér á jörð.

Mig rak af útsæ alda
upp á bláan sand.
Frá stríðs og stormahafi
ég steig á land.
— — — —

Milli ljóss og lita
liggur þrístrent gler.
Guðir lifa í ljósi —
í litum vér.

TEMPLO DI SATURNO

Í borginni eilífu eitt sinn í fyrndinni stóð
annarlegt musteri rómverskum skurðgoðum vígt.
Og klerkalýðurð aldanna framreiddi fórnarblóð
fyrir þá guði, sem hafa við blótstallinn ríkt.

En silkihönd tímans í eilífri mildi og mýkt
um marmaralíkneskin
strauk sínum gullfingrum hljótt.
Og drambsamir guðir, sem höfðu í hofinu ríkt,
hnigu og týndust í skugganna eilífu nótt.

Á hofrústum goðanna gert er þitt musteri úr
grasi og kvistum og sefgrænni rökkvaðri lind,
og skuggi hennar geymir
á gráum og hálfföllnum múr
gleymskunnar dýrlingamynd.

ÉG GEKK UM GRÆNA SKÓGA

Ég gekk um græna skóga.
Þar gullnu letri stóð
saga á hverjum kvisti,
á hverju blaði ljóð.

Þar óttustjörnum undir
ég álfa hvíta sá
í mánasilfri og sindri
sinfóníu-slá.

— — — —

Til hvers er að yrkja
óð í heimi þar,
sem allt í söng og sögu
sagt af guði var?

LÍKFYLGDIN

Um næturrósir skuggi skríður,
skríður út úr fylgsni sínu,
kemur heim að húsi mínu,
hljóðlaust inn um gluggann líður
og á veggnum eins og vofa
eftir samfylgdinni bíður . . . .

— Týnt og horfið, gleymt og glatað,
gamlir draumar, sviknar vonir,
allt, sem fyrr var elskað, hatað,
aftur mér í geði brennur.
— Álfaröðull rennur.

„Kvöldfiðrildi, kynjagestur!
kemur þú að húsi mínu
að fylgja mér að fylgsni þínu
fortíðinni?" — „Vagn og hestur
bíður þín, — og brátt við förum
báðir saman. — Stuttur frestur
gefst þér. — Heyr að húsabaki
hófadyn. — Sjá líkfylgdina
stíga föstu fótataki
og fika sig um skuggagjána
undir urðarmána".

Hann leit til fylgisveitar sinnar:
Með svartan reiðing, beizli, tauma
stóð fákur minna feigu drauma
fyrir líkvagn gleði minnar
spenntur dökkum brotaböndum.
Í bleika kistu sorgarinnar
skugginn þögull líkið lagði,
um leið með fingri sínum benti
ó gengin spor míns sjálfs og sagði:
„Sjáðu, þessi líkfylgd bíður".
— Logamáni líður.

MYNDRÍM

Rósfingruð eins og miðnætursól
kom Venus út í daginn.
Föl eins og morgunmáni
fer Venus út í nóttina.
Disirnar
leituðu að vöggu gleðinnar.

Vofur fegurðarinnar
leita að gröf sorgarinnar.
Ég leit í spegil lifsins
og sá mynd mína.
Ég lit í spegil lífsins
og sé skugga þess.

SIGLT AÐ SANDI

Það kemur skip
að höldum Nætursandi
Kólgumiðum frá.
— Und Svörtuloftum
dánarklukkur kveða.
— Hvern er hrópað ó?

— Nœturjörð á djúpan draumahimin
og dimman ógnasjá.

Það kemur skip
að köldum Nœtursandi
af kyljugráum mar.
Og bleikföl andlit
bátverjanna spyrja:
Hvað bíður okkar þar?

Á jörð er harðlæst Helgrind fyrir stafni.
— Á himni stjörnurnar.

HVERT SIGLDIRÐU, KARON?

Hvert sigldirðu, Karon, hið köldimma fljót?
Hvarfstu í rökkurlieiin eilífrar nœtur
frá þeim, sem á bakkanum bíður og grœtur?
Æ, barn mitt, lát huggast. — Sjá stjörnunum mót.
Þær upp yfir dauða og djúpum þess bronna,
og domantar lífsins á myrkri þess ronna
sem ljóstár í auga vors óþekkta guðs.

SESAR LITLI

Í villirósum rökkur hlær.
Og perluglit á pálmann skin
og á þig Sesar sandkassans,
sem byggir undir blöðum hans.
— Og engill kvöldsins óð sinn slær
á mánans mandólín!

Ó, dularfullu draumar manns:
Hve líf þitt allt er hismi og hjóm,
unz Rómaborg þín risin er,
og Kleópatra kemur hér
mót Sesar litla sandkassans
björt sem mónablóm!

BETLARI Í PARÍS

Borgin sveipast skuggaskikkju nætur.
Skýla votir múrar auðum garði.
Þar forn og máður friðarminnisvarði
fátækling í skuggann hverfa lætur.

Hjá varða þessum nœturhœli hefur
hermaður, sem fyrir land sitt barðist
og meðan limir heilir voru varðist.
— Nú vesœll, einn hjá staf og hækju sefur.
— — — —

Við Sigurbogann lifir logi rauður,
þar land þitt reisti honum sali merka,
sem barðist fyrir burgeisa og klerka.
— En bróðir þinn á Stjörnutorgi er dauður.

Í MUSTERINU

Skuggar manna yfir andlit mitt
með ásækandi hungursvipum falla.
Úr nýjum gröfum koma þeir og kalla:
— Af krásum dýrum svignar matborð þitt.
Þú vissir ei, hve örbirgð heims vár hörð?
Að hungurvofan nærðist þínu brauði?
Hví sultum vér? — Oss hortók hungurdauði.
Er hörmung stærri til á Kains jörð?

Skuggar manna yfir andlit mitt
ásakandi, vofubleikir renna.
(Í kirkju minni kertaljósin brenna.
Hér krýp ég, herra, innst við skrín þitt).
— Vígaslóðum heim þeir halda frá
og horfa á mig þöglir líkt og dauðinn:
Var blóði voru fórnað fyrir auðinn?
Æ, fyrirgefm ér. — Hef ég drepið þá?

Skuggar manna yfir andlit mitt
með ásakandi kuldaglotti leika.
Þeir út úr hverju rökkurskoti reika
og ráða úr hverri gætt á herfang sitt.
— Náðarherra, sel mér aflausn enn.
(Innst í kór ég vík að prestum mínum
skildingum og hyl í helgiskrínum).
— Herra, — sendu frá mór þessa menn!

AUSTUR OG VESTUR

Kvöldbjarma slær um hin vestrænu veldi.
Valkyrja gloymskunnar stríðsvagni ekur
úr daganna rauða og eilífa eldi
og öskuna með sér á sorphauginn tekur.
— Kvöldbjarma slær um hin vestrænu veldi.

Sfinxinn og hamingjan

Brestur nú ok hinnar austrænu nætur.
Óttuföl stjarna í vestrinu hnígur.
Heimsþjóðir rumska og rísa á fætur,
og risinn úr ánauð í hásætið stígur.
— Brestur nú ok hinnar austrænu nætur.

Um Austurlönd morgunn upp hurð sinni hrindir,
en hnígandi logar í vestrinu brenna,
og kvöldskuggar rauðir um madonnumyndir
og mósaik aldanna renna.

TRÖLLIÐ OG DVERGURINN

Að sannleikans húsi
er langur og villugjarn vegur,
vegur, sem hríslast
um lyginnar göldrótta skóg,
sem pílagrím margan
að paradís heimskingjans dregur:
Í paradís þessari
tröllið og dvergurinn bjó.

Í heimsókn til sannleikans
réðust þeir auðum á degi.
R isinn tók dverginn
og bar hann á stálöxlum tveim
dagleiðir margar
í ófærð á áttlausum vegi,
því erfið er för sú
að komast til sannleikans heiml

Og risinn varð seinstígur:
Megin og minni hans þýtur,
hann myrkur og lotinn
um villustíg skógarins fer,
svefnlaust og rökkvað
er augað, og andi hans hrýtur,
en ánægða forsjón
á langþreyttum herðunum ber.

Þar igrundar dvergurinn
trúmál og tilveru sína,
tilgang og eðli
þess lífs, sem í skóginum býr.
Um siðspaki og stjórnvizku
ljós sitt þar lætur hann skína,
er leið sína risinn
að hýbýlum sannleikans snýr.

Svo mælir dvergurinn:
„Stjörnurnar vísa oss veginn
að veröldum guðanna
handan við skógarins þröng,
og að paradís andans
mér pílagrím vizkunnar lýsa". —
„E-pú", sagði tröllið,
„sú för verður mér nokkuð löng!"

Dvergurinn mælir:
— „Vort jarðlíf er barátta og byrði,
sem bera vér þurfum
um skóginn að áfangastað
Sú fórn er það mesta
og eina sem einhvers er virði".
„Á", — sagði tröllið —.
„Hu, fórnin? — Já, laukrótt er það!"

„Þægur og hlýðinn
og auðmjúkur áttu að vera,
óttastu drottinn
og vinn fyrir náunga þinn.
Með hógværð og stillingu
byrðina þína skalt bera".
— „Bö-hum", — sagði tröllið,
og lagfærði húsbónda sinn.

Þá mælti dvergurinn:
„Ólíkir erum vér bræður!
Frá upphafi taldist ég
fremri og voldugri þér.
— Sá veiki skal þjóna
og hlýða þeim ríka, sem ræður".
— „Rétt", — sagði tröllið,
„að þjóna var áskapað mér.

En er þetta ekki húsið?"
„Ei sé ég þá sjónvillu þína.
Hinn svartasti galdur
þig blekkir — og förum þar hjá".
Dvergurinn innir.
— Svo ræddi hann við samvizku sína
um siðspeki þeirra,
er drottna hér jörð vorri á:

„Einn er hér hamarl"
(„Já, slíkur er stormenna siður!")
„Steðji er annarl"
(„Já, — þú gerðist höfðingi hér
og með valdhafans drambi
og hofmóði horfirðu niður
úr hásæti slíku
á þann, sem á öxlum þig bar!")

„Sá sterki á róttinn!"
(Vei, líf þitt er loddarans flótti
um lyginnar myrkviði
reikarðu veginum frá".)
— „Hví flý ég þá húsið?"
(„Í leynum þig lýstur sá ótti
að lítill þar yrðirðu
gólffjölum samleikans ál")